

Söngdagskrá Ísaksskóla 2025-2026

16. - 20. febrúar

Vetrarfrí fimmtudag og föstudag

Afi minn og amma mín

Einhvers staðar, einhvern tímann aftur

Samferða

Bollu-, sprengi-, öskudagur

Söngur Dimmalimm

Óskasteinar

23. - 27. febrúar

Sigling

Afi minn og amma mín

Einhvers staðar, einhvern tímann aftur

Samferða

Söngur Dimmalimm

Óskasteinar

2. - 6. mars

Rímlagið

Viva la musica

Afi minn og amma mín

Sigling

Söngur Dimmalimm

Óskasteinar

9. - 13. mars

Vegbúi

I'd like to teach the world to sing

Rímlagið

Viva la musica

Afi minn og amma mín

Sigling

Afi minn og amma mín

Lag og ljóð: Bragi Valdimar Skúlason

Afi minn og amma

eru sæt og fín.

Úti' á Bakka búa

með öll bætiefnin sín.

Amma eldar kjötfars

og afi tyggur skro

og gengur um í grænum inniskóm
sem gjarnan mætti þvo.

Þau eru sæt og klár

hafa verið til í hundrað ár.

Amma á alltaf köku

og eitthvað nammigott

og gomu af gömlu drasli

sem er gagnslaust, en samt flott.

Og alskeggið hans afa

er ótrúlega þykkt

og af því leggur glettilega góða

gamalmennalykt.

Þau eru sæt og klár

hafa verið til í þúsund ár.

Þau eru indæl grey

og það besta er þau segja aldrei nei.

Þau eru sæt og klár

hafa verið til í milljón ár.

Þau eru bestu skinn

bæði amma mín og afi minn.

Þau eru sæt og klár

hafa verið til í billjón ár.

Ég elska þau mjög heitt

þó þau virðist aldrei gera neitt.

Þau eru sæt og klár

hafa verið til í billjón ár.

Hafa verið til í milljón, trilljón ár.

Viva la musica

Lag: Michael Praetorius

Viva, viva la musica.

Viva, viva la musica.

Viva la musica.

Sigling

Lag: Friðrik Bjarnason

Ljóð: Örn Arnarson (Magnús Stefánsson)

Hafið bláa, hafið hugann dregur,
hvað er bak við ystu sjónarrönd?
Þangað liggur beinn og breiður vegur,
bíða mín þar æskudraumalönd.
Beggja skauta byr
bauðst mér aldrei fyrr.
Bruna þú nú bátur minn.
Svífðu seglum þöndum,
svífðu burt frá ströndum.
Fyrir stafni' er haf og himinninn.

Rímlagið

Lag: John Høybye

Ljóð: Einar Sigurðsson, Gróa Hreinsdóttir og
Barnakór Ísaksskóla

Viltu segja mér hvað rímar - við
hafragraut?
Það er jólaskraut, það er jólaskraut.
Viltu segja mér hvað rímar - við bláan
bíl?
Það er hausinn á fíl, það er hausinn á fíl.
Kanntu' að ríma?
Kanntu' að ríma?
Já, ég veit þú ríma kannt!

Viltu segja mér hvað rímar - við fiðrildi?
það er rifrildi, það er rifrildi.
Viltu segja mér hvað rímar - við
Óla Skans?
Það er jólakrans, það er jólakrans.
Kanntu' að ríma...

Viltu segja mér hvað rímar - við
fótboltaskór?
Það eru krakkar í kór, það eru krakkar í
kór.
Viltu segja mér hvað rímar - við
Ísaksskóla?

Það er dekkjaróla, það er dekkjaróla.

Kanntu' að ríma...

I'd Like To Teach The World To Sing

Lag og ljóð: Roger Cook, Roger Greenway,
Bill Backer og Billy Davis

I'd like to build the world a home
And furnish it with love
Grow apple trees and honey bees
And snow white turtle doves

I'd like to teach the world to sing
In perfect harmony
I'd like to hold it in my arms
And keep it company

I'd like to see the world for once
All standing hand in hand
And hear them echo through the hills
For peace throughout the land

Vegbúi

Lag og ljóð: Kristján Kristjánsson (KK)

Þú færð aldrei að gleyma
þegar ferðu á stjá
þú átt hvergi heima
nema veginum á.

Með angur í hjarta
og dirfskunnar móð
þú ferð þína eigin
ótroðnu slóð.

Vegbúi, sestu mér hjá
segðu mér sögur
já, segðu mér frá
þú áttir von nú er vonin farin á brott
flogin í veg.

Einhvers staðar einhvern tímann aftur

Lag og ljóð: Magnús Eiríksson

Einhvers staðar, einhvern tímann aftur
liggur leið þín um veginn til mín
og þú segir; Ég saknaði þín.
Ég saknaði þín.

Kyrrlátt kvöldið hvíslar ástarorðum
út í buskann, hver heyrir þau nú?
Út úr lífi mínu labbaðir þú.
Labbaðir þú.

*En ég nenni ekki að hanga hér
þó hugur dvelji oft hjá þér,
lífið bíður líka eftir mér.
Það er alveg nóg af sorg og sút
svo ég ætla eitthvað út
að finna einhvern félagsskap
því hik þú veist er sama og tap.*

Nú er bráðum tími til að þegja
því að ósagt nú á ég svo fátt
en ég sendi þér kveðju í sátt.
Kveðju í sátt.

En ég nenni ekki að hanga hér...

Einhvers staðar einhvern tímann aftur.
liggur leið þín um veginn til mín
og þú segir; Ég saknaði þín.
Ég saknaði þín.
Ég saknaði þín.

Samferða

Lag og ljóð: Magnús Eiríksson

Opna dyr upp á gátt
til að bjóða mína sátt.
Það sem einu sinni var,
það getur lifnað við á ný.

Annað líf, enginn veit,
endalaus er okkar leit.

Ef þú átt aðeins þetta líf
er betra að fara að lifa því.

*Samferða, öll við erum samferða.
Hvert sem liggur leið,
gatan mjó og breið,
torfær eða greið.*

Viltu ganga um mínar dyr?
Verst ég opnaði ekki fyrr
en ég veit að enn er hægt
að biðja um meiri og betri byr.

Bolludagur – Sprengidagur – Öskudagur

Lag: Við erum söngvasveinar

Texti: Herdís Egilsdóttir

Á bolludegi fer ég með bolluvönd á kreik.
Mér alltaf þykir gaman að iðka þennan
leik.

Ég bolla og bolla, á bossann á þér fast ég
slæ, bolla og bolla og bollu í laun ég fæ.
*Já, bragðgóðar eru bollurnar, bollurnar,
bollurnar, já, bragðgóðar eru bollurnar,
húllum hæ.*

Á sprengidegi er bumban að springa
hreint á mér, því magnið er ei smátt sem í
magann á mér fer.

Af saltkjöti og baunum ég saðningu í
magann fæ, af saltkjöti og baunum, ég
saddur er og hlæ.

*Já, bragðgóðar eru baunirnar,
baunirnar,baunirnar, já, bragðgóðar eru
baunirnar, húllum hæ.*

Á öskudegi fer ég með öskupoka af stað
og elti menn og konur sem ekkert vita um
það.

Hengi svo poka á hinn og þennan sem ég
næ, lauma á poka, læðist burt og hlæ.

*Svo dingla þeir þarna pokarnir, pokarnir,
pokarnir, svo dingla þeir þarna pokarnir,
húllum hæ.*

Söngur Dimmalimm

Lag: Atli Heimir Sveinsson

Ljóð: Atli Már Árnason

Sjáðu, sjáðu, svanur,
skógurinn er að skemmta sér,
sko, hann bangsi dansa fer.

Svanur á báru.

*Veröldin blíð.
Í suðri gala gaukar
grösin spretta' og laukar,
sæl er sumartíð.*

Syngdu, syngdu, svanur,
álfar hoppa, einn, tveir, þrír,
öll nú kætast skógardýr.

Svanur á báru.

Veröldin blíð...

Hjúfra, hjúfra, svanur,
í hálsakoti hjúfra þig,
ég held þú megir kyssa mig.

Svanur á báru.

Veröldin blíð...

Óskasteinar

Lag: Bardos Lajos

Ljóð: Hildigunnur Halldórsdóttir

Fann ég á fjalli fallega steina,
faldi þá alla, vildi þeim leyna,
huldi þar í hellisskúta heillasteina,
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina,
lengur ei man ég óskina neina
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga,
ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur
geti þær fundið telpa eða drengur,
silfurskæra kristalla með grænu og gráu,
gullna roðasteina rennda fjólubláu.